



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi

Erindi nr. P/32/1392

komudagur 21. 3. 2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
20. mars 2006

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Í bréfi dags. 1. mars sl. sendi landbúnaðarnefnd Alþingis stofnuninni til umsagnar frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt, 555. mál, samræming laga, endurgreiðsla framlaga o.fl.

Af athugasemdum með ofangreindu frumvarpi má ráða að helstu breytingarnar, sem það mun hafa í för með sér verði það að lögum, felist í skýrari ákvæðum um endurgreiðslu skógræktarframlaga og fyrningu þeirra svo og skýrari ákvæðum er lúta að vanefndum skógarbónda og uppsögn beggja aðila að samingum um skógræktarverkefni.

Fallast má á með frumvarpshöfundum að frumvarpið geymi ýmis fyrirmæli sem horfi til þess að bæta framkvæmd í þessum málaflokki. Þannig felur það í sér skýrari ákvæði um endurgreiðslur og fyrningu skógræktarframlaga og skýrari ákvæði um vanefndir skógarbónda og uppsagnarheimildir beggja aðila að skógræktarverkefnum. Þá felur það í sér nokkra samræmingu á landshlutaverkefnum. Á hinn bóginn vill Ríkisendurskoðun vekja athygli á því að í skýrslu stofnunarinnar um lagaumhverfi Skógræktar ríkisins og landshlutabundinna skógræktarverkefna frá í desember 2004 var talið tímabært að skapa heildstæða stefnu og lagaramma um skógvernd og skógrækt á vegum hins opinbera. Vafasamt verður að telja að ofangreint frumvarp muni marka djúp spor í þá átt að skapa heildstæða stefnu í þessum málaflokki.

Að lokum skal þess getið að óumdeilt er að flokka ber umrædd landshlutaverkefni í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 3. gr. laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997. Af þessu leiðir að ákvæði fjárreiðulaganna gilda í einu og öllu um þau, þar á meðal um gerð, undirritun og skil ársreikninga, sbr. II. kafli laganna, sem og um endurskoðun þeirra, sbr. 8. gr. þeirra og lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997. Í þessu ljósi eru ákvæði 10. gr. frumvarpsins í nokkru ósamræmi við framangreind ákvæði fjárreiðulaga, svo sem um staðfestingu ráðherra á reikningum þeirra og birtingu þeirra í Stjórnartíðindum. Ríkisendurskoðun leggur eindregið til að greininni verði breytt t.d. á þá lund að hún mæli í staðinn fyrir um að um gerð ársreikninga og endurskoðun þeirra gildi ákvæði fjárreiðulaga eftir því sem við á.